

SKÓLAÞJÓNUSTA GRUNNSKÓLADEILDAR 2022-2023

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026

Menntasvið Kópavogs



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Skólaþjónusta grunnskóla Kópavogsbæjar.....	3
Inngangur.....	4
Góður grunnur – snemmtækur stuðningur í 1. bekk.....	4
Sálfræðiþjónusta.....	5
Þjónusta talmeinafræðinga í grunnskólum	6
Þjónusta iðjuþjálfar.....	6
Ráðgjöf verkefnastjóra skólaþjónustu og samstarf	7
Kennsluráðgjöf.....	7
Atferlisráðgjöf.....	8
Atvinnutengt nám.....	8
Sjúkrakennsla.....	8
Námskeið um sjálfstyrkingu og samskipti	9
Námskeið fyrir börn og foreldra fjölda á námskeiði!	9
Tröð tímabundið skólaúrræði.....	10
Sérdeildir - setja inn um ráðgjöf, fjölda tíma 4 kest. pr. viku	10
Sérdeild í Álfhólsskóla.....	10
Sérdeild í Salaskóla	10
Sérdeild í Kópavogsskóla	11
Smiðja, sérdeild í Snælandsskóla.....	11
Sérskólar	11

Skólaþjónusta grunnskóla Kópavogsbæjar

Skólaþjónusta grunnskóla Kópavogsbæjar mótast af heildarsýn um skóla fyrir öll börn, velferð þeirra og farsæld. Börnum skal búið námsumhverfi sem gefur þeim tækifæri til að nýta styrkleika sína og stuðningur við þau skal einkennast af virðingu, umburðarlyndi og metnaði. Leggja skal áherslu á forvarnir og samvinnu við nemendur, foreldra og aðra sem vinna með börnum og fjölskyldum þeirra.

Að jafnaði eru um 5000 nemendur í níu grunnskólum Kópavogsbæjar. Frá og með haustinu 2023 verða skólarnir tíu talsins.

Stefna Kópavogsbæjar um skóla fyrir öll börn og stuðning við þau tekur mið af lögum um grunnskóla frá 2008, lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna frá 2021, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, öðrum alþjóðlegum samþykktum um skóla án aðgreiningar og réttindi fatlaðs fólks.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir umfangi skólaþjónustu grunnskóla Kópavogsbæjar skólaárið 2022-2023.

Skólaþjónusta grunnskóla Kópavogsbæjar

Þjónusta í grunnskólum: - Náms-og starfsráðgjöf - Sérdeildir/stuðningsdeildir - Atvinnutengt nám - Sjúkrakennsla	Kennsluráðgjöf í skóla fyrir alla: - Kennsluhættir og námsaðlögun fyrir hópa - Teymiskennsla - Upplýsingatækni - Nemendur með annað móðurmál en íslensku
Sértækur stuðningur: - Sálfræðingar - Talmeinafræðingar - Iðjupjálfi - Kennsluráðgjöf - Atferlisráðgjöf	Námskeið: - Kvíðanámskeið fyrir nemendur og foreldra - Klókir litlir krakkar - Klókir krakkar - Haltu kúlinu - Námskeið um uppeldi barna með ADHD - Námskeið Sjálfsstyrking og samskipti

Inngangur

Skólaþjónusta grunnskóla í Kópavogi er í stöðugri þróun og markvisst er leitað leiða til að koma til móts við hugmyndafræði um *skóla fyrir öll börn*.

Skólaárið 2021-2022 var á haustdögum hafist handa við að vinna eftir nýrri Menntastefnu Kópavogsbæjar frá 2021-2030 sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar í október 2021. Menntastefnan er sameiginleg sýn um framtíðaráherslur í menntun og frístundastarfi í Kópavogi og grundvallast í gildum sveitarfélagsins um *umhyggju – framsækni – virðingu – heiðarleika*. Að auki hefur menntastefnan til hliðsjónar aðrar samþykktir og áætlanir sveitarfélagsins eins og gæðastefnu, jafnréttis- og mannréttindaáætlun, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Á skólaárinu 2022-2023 voru tekin mikilvæg skref í samstarfi menntasviðs og velferðarsviðs um innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna sem samþykkt voru á Alþingi í júní 2021. Gert er ráð fyrir að innleiðingin taki sveitarfélög allt að fimm ár. Til að mæta þörfum skólasamfélagsins í ferlinu voru í ágúst 2022 ráðnir tveir kennsluráðgjafar og atferlisráðgjafi til að halda betur en áður utan um málefni nemenda með stuðningsþarfir og annað móðurmál en íslensku.

Til skólaþjónustu grunnskóla Kópavogsbæjar heyra málefni nemenda með þörf fyrir þjónustu:

- Sálfræðings vegna sálræns og/eða félagslegs vanda og sálfræðilegra greininga.
- Talmeinafræðings vegna málþroskamats og málþroskagreiningar.
- Iðjuþjálfar vegna aðlögunar námsumhverfis og greiningar á skynúrvinnslu.
- Kennsluráðgjafa vegna annars móðurmáls en íslensku.
- Kennsluráðgjafa vegna aðlögunar náms og kennslu.
- Kennsluráðgjöf vegna sérhæfðs tölvubúnaðar fyrir skólastarf.
- Atferlisráðgjafa vegna hegðunarmótandi nálgunar í námi og starfi.

Góður grunnur – snemmtækur stuðningur í 1. bekk

Haldið var áfram að þróa verkefnið *Góður grunnur* í 1. bekk í tveimur skólum til viðbótar. Verkefnið hófst haustið 2020 og byggir á eftirfarandi stoðum:

1. Viðráðanlegar hópastærðir svo að kennari hafi tök á að halda utan um nemendahópinn og ólíkar þarfir innan hans.
2. Öflug teymisvinna fyrir nemendahópinn í heild og skólastarf skipulagt með þarfir allra barna í huga.
3. Þverfagleg þekking nýtt til að ná utan um ólíkar þarfir nemenda.

Markmið verkefnisins voru eftirfarandi:

1. Að allir nemendur fái nám og stuðning við hæfi.
2. Að öllum nemendum líði vel í skólanum.
3. Að kennarar fái stuðning og rými til að kenna fjölbreyttum nemendahópi á árangursríkan hátt.
4. Að kennurum líði vel í starfi.
5. Að nýta sem best fjármuni í skóla fyrir alla þannig að þær bjargir sem eru til staðar verði skilvirkari og árangursríkari en áður.

Nú hafa fjórir skólar hafið innleiðingu á *Góðum grunni*. Grunnskóladeild fundaði reglulega með fulltrúum skólanna sem halda utan um innleiðingu í sínum skólum.

Við lok skólaárs 2022–2023 bættust tveir skólar við þá tvo sem fyrir voru sem hafa ákveðið að þróa *Góðan grunn* hjá sér.

Fagteymi um réttindi og velferð nemenda

Á síðasta skólaári voru stofnuð fagteymi um réttindi og velferð barna sem er samráðsvettvangur grunnskóla í Kópavogi og Menntasviðs Kópavogsbæjar. Í Kópavogi starfa tvö fagteymi þar sem sitja fulltrúar grunnskólanna, Arnarskóla og Menntasviðs.

Markmið fagteymisins er að koma til móts við þarfir nemenda á sama tíma og velferð þeirra er tryggð. Þá veitir teymið ráðgjöf til skóla um faglega úrvinnslu mála þegar upp koma tilvik þar sem beita þarf líkamlegu inngripi eða hefta frelsi nemanda í skóla til að tryggja öryggi þeirra, annarra barna og starfsfólks.

Foreldrar eru upplýstir um vinnslu máls og fulltrúi skólans tekur málið fyrir í fagteymi. Fagteymið rýnir lýsingar á atvikum innan skólanna og einstaklingsbundnar áætlanir með það að markmiði að koma í veg fyrir að sambærileg atvik endurtaki sig.

Vakin er athygli á því að fagteymið er fyrst og fremst samráðsvettvangur sem stendur vörð um skólasamfélagið í heild sinni. Því er ætlað að stuðla að faglegum vinnubrögðum skóla við krefjandi aðstæður sem og að standa vörð um réttindi nemenda. Vakni grunur um að starfsmaður hafi brotið af sér í starfi fer málið í annan farveg.

Á næsta skólaári er áætlað að fagteymi taki líka fyrir mál þar sem foreldrar og skólar telja rétt að að skerða skóladag nemanda til lengri eða skemmri tíma.

Sálfræðipjónusta

Sálfræðingar eru hluti af skólaþjónustu grunnskóla Kópavogs og eru fulltrúar skólaþjónustunnar í nemendaverndarráði hvers skóla. Sálfræðingar eru með starfstöð í viðkomandi skólum og vinna undir daglegri verkstjórn skólastjóra. Þeir bregðast við námslegum, félagslegum og sálrænum vanda nemenda í samvinnu við þá, foreldra þeirra og annað fagfólk. Sálfræðingar annast jafnframt fræðslu fyrir starfsfólk og foreldra um málefni sem er á þeirra sérsviði.

Skólaárið 2022-2023 lágu fyrir 590 beiðnir til sálfræðings (tæp 12% nemenda). Nánari upplýsingar má sjá í eftirfarandi töflu.

Beiðnir til sálfræðinga í grunnskólum	2021-2022	2022-2023
Heildafjöldi mála	583	590
Lokið	385	360
Í vinnslu	71	87
Á bið	127	143

Grunnskóladeild hefur sett sér markmið um að biðtími eftir þjónustu sálfræðings sé ekki meira en 3 mánuðir sem náðist í 72,9 % tilvika. (Gæðamarkmið gera ráð fyrir að þessu sé náð í a.m.k. 80 % tilvika sem náðist í 5 skólum af 9.)

Á vormánuðum 2021 var farið af stað með tilraunaverkefni þar sem nemendum í 10. bekk var boðið upp á ráðgjafarviðtöl hjá skólasálfræðingi án aðkomu foreldra. Markmið ráðgjafarviðtala er að nemendur fái tækifæri til að ræða við sálfræðing með skömmum fyrirvara á auðveldan hátt. Árgangurinn fékk einnig fræðslu hjá skólasálfræðingi um geðrækt og upplýsingar um hvert væri hægt að leita eftir stuðningi og hjálp varðandi einstök mál. Foreldrar fengu kynningarbréf um verkefnið.

Skólaárið 2021-2022 óskuðu 72 nemendur eftir viðtali hjá sálfræðingi sem fengu samtals 152 viðtöl. Í lok skólaárs fengu nemendur og sálfræðingar tækifæri til að svara könnun um þessa þjónustu. Af þeim sem svöruðu taldi meirihluti nemenda fræðsluna vera gagnlega og taldi mikilvægt að bjóða áfram upp á ráðgjafarviðtöl við sálfræðinga án aðkomu foreldra. Sálfræðingar töldu þessa þjónustu einnig mikilvæga og þótti ástæða til að bjóða nemendum í 9. bekk upp á þessa þjónustu.

Skólaárið 2022-2023 var nemendum í 9. og 10. bekk boðið upp á ráðgjafarviðtöl. Allir nemendur fengu fræðslu en 45 nemendur í 9. bekk óskuðu eftir viðtölum hjá sálfræðingi (samtsals 81 viðtöl) og 59 nemendur í 10. bekk (samtsals 127 viðtöl).

Þjónusta talmeinafræðinga í grunnskólum

Talmeinafræðingar eru hluti af skólaþjónustu grunnskóla Kópavogs og hafa starfsstöð í skólum bæjarins og vinna undir daglegri verkstjórn skólastjóra. Við upphaf skólaárs er staða nemenda í 1. bekk metin en jafnframt er unnið með aðra nemendur sem hafa þörf fyrir talþjálfun. Talmeinafræðingar leggja mat á málþroska nemenda ef áhyggjur vakna af máli eða tali og veita ráðgjöf og þjálfun út frá því. Talmeinafræðingar vinna mest með vanda sem tengist framburði og málþroska en þeir koma einnig að ráðgjöf við nemendur með annað móðurmál en íslensku. Jafnframt veita talmeinafræðingar ráðgjöf og fræðslu til foreldra og fagfólks og eru í samstarfi við þá aðila sem koma að málefnum viðkomandi nemanda.

Skólaárið 2022-2023 var heildarfjöldi mála 305. Við lok skólaárs var 127 málum lokið, 99 voru í vinnslu og 79 nemendur á bið eftir þjónustu talmeinafræðings.

Tilraunaverkefni fór af stað á vormánuðum 2023 sem fólst í fjartalþjálfun í gengum Kara Connect. Tilgangur verkefnisins var að veita þjónustu í heimaskóla og minnka þá röskun sem nemendur verða fyrir þegar þjónustan er sótt út fyrir skólann. Verkefnið fór fram í einum grunnskóla í Kópavogi. Þrír nemendur nutu þessarar þjónustu sem fólst í því að þeir hittu talmeinafræðing vikulega í gegnum fjarfundabúnað í sínum skóla. Sérkennari sat með nemandanum á þessum fundum. Verkefnum var síðan fylgt eftir af sérkennara í framhaldinu og fléttað við annað nám þeirra. Mikil ánægja var með þetta fyrirkomulag og áætlað er að halda því áfram á næsta skólaári.

Grunnskóladeild hefur sett sér markmið um að biðtími eftir þjónustu talmeinafræðings sé ekki meira en 3 mánuðir sem náðist í 64,4 % tilvika en gæðamarkmið gera ráð fyrir því að þessu sé náð í a.m.k. 80 % tilvika.

Þjónusta iðjuþjálfar

Iðjuþjálfari starfar fyrir skólaþjónustu grunnskóla Kópavogs og tekur að sér verkefni frá öllum grunnskólum bæjarins.

Starf iðjupjálfa felur í sér mat á þátttöku og færni hjá nemendum sem glíma við skólafærnivanda og ráðgjöf í framhaldi af því. Markmiðið er að efla almenna þátttöku barna í námi, í samskiptum og í skólastarfi. Vandinn getur komið fram í hreyfifærni og skynúrvinnslu og því er liður í þjónustunni að kanna aðstæður í skóla og koma með hugmyndir að aðlögun umhverfis. Iðjupjálfi veitir nemendum, foreldrum og starfsfólki ráðgjöf og tekur þátt í teymisvinnu og samstarfi við þá aðila sem koma að málefnum viðkomandi nemanda.

Skólaárið 2022-2023 var heildarfjöldi mála 59. Við lok skólaárs var 41 máli lokið, 7 voru í vinnslu og 11 nemendur voru á bið eftir ráðgjöf iðjupjálfa.

Ráðgjöf verkefnastjóra skólaþjónustu og samstarf

Verkefnastjóri skólaþjónustu heldur utan um helstu verkefni skólaþjónustu og kemur að stefnumótun og þróunarvinnu á málaflokknum. Verkefnistjóri veitir ráðgjöf til nemenda, foreldra og skóla og tekur þátt í teymisvinnu varðandi nemendur með miklar stuðningsþarfir. Verkefnastjóri er í samstarfi við helstu stofnanir sem hafa með málefni nemenda að gera eins og Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins og Geðheilsumiðstöð barna og situr í samráðsteymi heilsugæslunnar ásamt velferðarsviði og Barna- og unglingageðdeild Landspítalans.

Kennsluráðgjöf

Starf kennsluráðgjafa í skóla fyrir öll börn felst í styrkingu faglegs starfs grunnskólanna þannig að nemendur og fagfólk fái notið sín sem best í námi og starfi. Lögð er áhersla á að stuðningur við nemendur sé hluti af almennu skólastarfi og að boðið sé upp á fjölbreytta náms- og kennsluhætti til að mæta þörfum ólíkra nemendahópa og einstaklinga. Því leggur skólaþjónustan áherslu á fræðslu, ráðgjöf og þróunarverkefni sem snúa að kennsluháttum, námsaðlögun, teymiskennslu og upplýsingatækni. Á [námsvef grunnskóladeildar](#) má finna fræðslu og námskeið til starfsþróunar sem eru í boði á vegum grunnskóladeildar og nánari upplýsingar má finna í skýrslu um endurmenntun í grunnskólum Kópavogs sem gefin er út árlega.

Horft er á kennsluráðgjöf vegna þróunar á náms- og kennsluháttum með spjaldtölvum sem hluta af almennri kennsluráðgjöf grunnskóladeildar þar sem unnið er saman að því að leita leiða sem henta hverjum og einum námshópi og aðstæðum í skólaumhverfinu hverju sinni. Unnið er þvert á viðfangsefnin um leið og horft er til skólaþróunar í hverjum skóla sem og starfsþróunar.

Almennir kennsluráðgjafar veita einnig ráðgjöf vegna einstakra nemenda. Þá hittir kennsluráðgjafi nemendur, kennara og foreldra, fylgist með í kennslustundum og leggur fram tillögur til úrbóta. Kennsluráðgjafar fylgja málum eftir með heimsóknum og þátttöku á teymisfundum. Kennslu- og atferlissráðgjafar hafa þetta skólaárið haft með sér sívaxandi samstarf.

Almennir kennsluráðgjafar	2022-2023
Ráðgjöf vegna hópa	13 hópar, 32 kennarar
Ráðgjöf v. einstakra nemenda	33 nemendur

Jafnframt er boðið upp á kennsluráðgjöf til að mæta þörfum nemenda með annað móðurmál en íslensku sem gert er grein fyrir í sér skýrslu.

Atferlisráðgjöf

Atferlisráðgjöf byggir á hagnýtri atferlisgreiningu (e. applied behaviour analysis). Atferlisráðgjafi annast greiningu á vanda, þróun íhlutunar í kjölfarið, handleiðslu starfsfólks til að íhlutun sé framfylgt og eftirfylgni eftir að henni lýkur. Atferlisráðgjafi fylgist með skjólstæðingi sínum og skráir upplýsingar um hegðun hans og umhverfi. Í mörgum tilvikum skrá skjólstæðingar, aðstandendur og/eða kennarar sjálfir niður hegðun út frá handleiðslu atferlisráðgjafa. Einnig eru tekin viðtöl við kennara, aðstandendur og nemendur ef þess er þörf. Þessar upplýsingar eru síðan notaðar í ráðgjöf, íhlutun og kennslu.

Skólaárið 2022-2023 komu atferlisráðgjafar að málum 32 nemenda í 9 skólum. Nemendur voru í 1. – 10. bekk, 14 nemendur á yngsta stigi, 17 nemendur á miðstigi, 1 á unglingastigi. Atferlisráðgjafar komu að málum tveggja hópa í 2 skólum, báðir hópar voru á miðstigi.

Atferlisráðgjöf	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Samtals fjöldi nemenda	18	22	32

Grunnskóladeild hefur sett sér markmið um að biðtími eftir atferlisráðgjöf sé ekki meira en 3 mánuðir sem náðist í 82,2 % tilvika en gæðamarkmið gera ráð fyrir að þessu sé náð í a.m.k. 80 %.

Atvinnutengt nám

Atvinnutengt nám er ætlað nemendum í 9. og 10. bekk sem finna sig ekki í námi og/eða líður illa í skóla. Úrræðinu er ætlað að styðja við einstaklingsmiðað nám þeirra og gefa þeim kost á að kynnast atvinnulífinu og veita undirbúning fyrir framtíðina. Atvinnutengt nám ýtir gjarnan undir áhuga nemenda á námi, eykur sjálfstraust og bætir líðan þeirra. Verkefnið er samstarfsverkefni grunnskóla, grunnskóladeildar og Vinnuskóla Kópavogsbæjar.

Á skólaárinu 2022–2023 voru 29 nemendur í atvinnutengdu námi við leikskóla, í verslun og á bifreiðaverkstæðum. Til samanburðar má benda á að skólaárið 2021-2022 voru 23 nemendur í atvinnutengdu námi og skólaárið 2020-2021 voru 12 nemendur í atvinnutengdu námi í grunnskólum Kópavogsbæjar.

Skólaár	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Fjöldi nemenda	12	23	29

Sjúkrakennsla

Nemendur sem geta ekki tekið þátt í almennu skólastarfi vegna langvarandi veikinda eða slysa eiga kost á tímabundinni sjúkrakennslu. Umfang kennslunnar ræðst af aðstæðum hverju sinni og er hún skipulögð í samvinnu við foreldra, nemandann og skólann.

Undanfarið hefur það færst í vöxt að óskað sé eftir sjúkrakennslu vegna andlegra veikinda, þá oftast hamlandi kvíða og/eða skólaforðunar. Í slíkum tilvikum er veitt heimild til tímabundinnar sjúkrakennslu ef málið er metið svo að þetta sé hjálpleg leið til að takast á við vandann og horfa fram á við. Nemandanum er þannig gert auðveldara fyrir að taka hæfileg skref inn í almennt skólastarf á ný.

Skólaárið 2022-2023 fengu 12 nemendur sjúkrakennslu í takmarkaðan tíma. Til samanburðar er bent á að skólaárið 2021-2022 fengu 7 nemendur sjúkrakennslu og skólaárið 2020-2021 fengu 4 nemendur sjúkrakennslu í grunnskólum Kópavogs.

Skólaár	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Fjöldi nemenda sem njóta sjúkrakennslu	4	7	12

Námskeið um sjálfstyrkingu og samskipti

Hjá skólalþjónustu starfar forvarnarteymi sem samanstendur af fjölskylduráðgjafa og grunnskólakennara. Teymið heldur námskeið í grunnskólum fyrir nemendahópa með hegðunar- og tilfinningavanda. Markmið námskeiðanna er að styrkja sjálfsmýnd, auka skilning á eigin hegðun, efla samkennd, bæta samskiptahæfni og ýta undir jákvæð viðhorf og vellíðan.

Skólaárið 2022–2023 sóttu 89 nemendur námskeið og forvarnarteymið vann í 9 skólum.

Námskeið	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Samtals fjöldi nemenda	92	75	89

Námskeið fyrir börn og foreldra

Kvíðanámskeið

Klókir krakkar er meðferðarúrræði sem hefur það markmið að þjálfa börn í að takast á við kvíða svo hann trufla börnin sem minnst í daglegu lífi og að foreldrar öðlist þekkingu og færni til að styðja við barnið sitt.

Menntasvið og velferðarsvið bjóða upp á eftirfarandi kvíðanámskeið fyrir börn í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra.

Klókir litlir krakkar er námskeið fyrir foreldra 3-7 ára barna með kvíðaeinkenni. Gert er ráð fyrir foreldrum 8-10 barna á hvert námskeið. Skólaárið 2022-2023 voru haldin tvö námskeið. Við lok skólaárs var 21 barn á bið eftir eftir námskeiði.

Klókir krakkar er námskeið ætlað 8-12 ára börnum með kvíðavanda og foreldrum þeirra. Gert er ráð fyrir foreldrum 8-10 barna á hvert námskeið. Skólaárið 2022-2023 voru haldin tvö námskeið. Við lok skólaárs voru 35 börn á bið eftir eftir námskeiði.

Haltu kúlinu er námskeið ætlað 13-16 ára unglingum með kvíðavanda og foreldrum þeirra. Gert er ráð fyrir foreldrum 8-10 barna á hvert námskeið. Við lok skólaárs voru 13 börn á bið eftir eftir námskeiði.

Grunnskóladeild hefur sett sér markmið að foreldrar sem sækja um Klóka krakka og Haltu kúlinu fyrir sig og börnin sín fyrri hluta árs komist að á næstu haustönn og að foreldrar sem sækja um á seinni hluta árs komist að næstu vorönn. Það náðist í öllum tilvikum hjá þeim sem sóttu um Haltu kúlinu en í 61 % tilvika hjá þeim sem sóttu um Klóka krakka en gæðamarkmið gera ráð fyrir að þessu sé náð í a.m.k. 80 %.

Uppeldi barna með ADHD

Námskeiðið felur í sér fræðslu um ADHD og uppeldisaðferðir sem henta börnum með ADHD einkenni. Markmiðið er að foreldrar tileinki sér hagnýtar og sannreyndar aðferðir sem nýtast til lengri tíma.

Menntasvið bauð upp á tvö námskeið skólaárið 2022-2023. Gert er ráð fyrir foreldrum 8-10 barna á hvert námskeið. Við lok skólaárs voru 23 börn á bið eftir eftir námskeiði.

Grunnskóladeild hefur sett sér markmið að foreldrar sem sækja um námskeið um uppeldi barna með ADHD fyrri hluta árs komist að á næstu haustönn og að foreldrar sem sækja um á seinni hluta árs komist að næstu vorönn. Það náðist í 82 % tilvika en gæðamarkmið gera ráð fyrir að þessu sé náð í a.m.k. 80 %.

Tröð tímabundið skólaúrræði

Undanfarin ár hefur *Tröð tímabundið skólaúrræði* í grunnskólum Kópavogsbæjar verið starfrækt til að koma til móts við nemendur sem þurfa á uppbroti á skólagöngu sinni að halda. Úrræðið er ætlað nemendum sem glíma við erfiðleika tengda hegðun, líðan og samskiptum og ekki hefur náðst að vinna með í heimaskóla.

Skólaárinu 2021-2022 var húsnæði Traðar lokað vegna myglu en starfsmenn úrræðis fóru út í skólana til að styðja við nemendur og starfsfólk. Vinna stendur yfir við að útvega nýtt húsnæði.

Sérdeildir

Undanfarið hefur það færst í aukana að fagfólk grunnskólanna óski eftir ráðgjöf frá fagfólki sérdeilda til að mæta þörfum nemenda með miklar stuðningsþarfir í almennum skólaúrræðum. Því var ákveðið að einhverfudeildir Álfhólsskóla og Salaskóla fái úthlutað 4 kennslustundum hvor á viku til að sinna ráðgjöf í almenn skólaúrræði frá áramótum.

Sérdeild í Álfhólsskóla

Sérdeild Álfhólsskóla er fyrir nemendur sem greindir hafa verið með einhverfu og víðtækan þroskavanda og þurfa stuðning og aðlögun í námi og námsumhverfi.

Meginmarkmið deildarinnar er að nemendur fái sem best notið sín í námi, leik og starfi. Áhersla er lögð á fjölbreytt viðfangsefni sem taka mið af áhuga og getu nemenda. Allir eru skráðir í almenna bekk og markvisst er unnið að félagslegri blöndun í tilteknum námsgreinum og sameiginlegum athöfnum skólans.

Einhverfudeild Álfhólsskóla starfaði þrískipt skólaárið 2022–2023. Ein deild á yngsta stigi, ein á miðstigi og ein á unglingastigi. Í deildunum var samtals 31 nemandi.

Einhverfudeild	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Samtals fjöldi nemenda	33	31	31

Sérdeild í Salaskóla

Sérdeild Salaskóla er fyrir nemendur sem greindir hafa verið með einhverfu og víðtækan þroskavanda og þurfa stuðning og aðlögun í námi og námsumhverfi. Hlutverk deildarinnar er að veita nemendum nám og uppeldi við hæfi og fer nám fram samkvæmt einstaklingsnámskrá sem byggð er á kennslufræðilegri greiningu á náms- og þroskastöðu þeirra.

Meginmarkmið deildarinnar er að nemendur fái sem best notið sín í námi, leik og starfi. Áhersla er lögð á fjölbreytt viðfangsefni sem taka mið af áhuga og getu. Allir eru skráðir í almenna bekk og unnið er að félagslegri blöndun í tilteknum námsgreinum og sameiginlegum athöfnum skólans.

Skólaárið 2022-2023 voru 10 nemendur skráðir í sérdeildina.

Einhverfudeild	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Samtals fjöldi nemenda	10	10	10

Sérdeild í Kópavogsskóla

Hlutverk Námsvers í Kópavogsskóla er að veita nemendum með skilgreindar sérparfir í 5. til 10. bekk nám við hæfi í sérhæfðu umhverfi til lengri eða skemmri tíma. Foreldrar geta sótt um námsvist í sérdeildinni fyrir barnið sitt þegar sýnt þykir að nám og kennsluhættir í almennri bekkjardeild mæta ekki þörfum þess. Allir eru skráðir í almenna bekk og unnið er að félagslegri blöndun í tilteknum námsgreinum og sameiginlegum athöfnum skólans.

Skólaárið 2022-2023 voru 12 nemendur skráðir í Námsver.

Námsver	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Samtals fjöldi nemenda	14	13	12

Smiðja, sérdeild í Snælandsskóla

Hlutverk Smiðju í Snælandsskóla er að veita nemendum með skilgreindar sérparfir í 8. til 10. bekk nám við hæfi í sérhæfðu umhverfi til lengri eða skemmri tíma. Foreldrar geta sótt um námsvist fyrir barnið sitt þegar sýnt þykir að almennt nám og kennsluhættir mæta ekki þörfum þess. Allir nemendur Smiðju eru skráðir í almenna bekk og unnið er að félagslegri blöndun í tilteknum námsgreinum og sameiginlegum athöfnum skólans.

Skólaárið 2022-2023 voru 12 nemendur skráðir í Smiðju.

Smiðja	2020-2021	2021-2022	2022-2023
Samtals fjöldi nemenda	12	12	12

Sérskólar

Skólaárið 2022 – 2023 stunduðu 15 nemendur úr Kópavogi nám í Klettaskóla og 6 nemendur í Arnarskóla. Auk þess stunda 6 nemendur nám í Náms- og starfssetri Klettabæjar að hluta til eða út skólaárið í náinni samvinnu við sinn heimaskóla.